





Óskasteinninn

Höfundur: Vala Karen Guðmundsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 1. - 4. bekk



Aðferð:

Þæfing
Þjóðsögur og þjóðtrú

Áhöld:

- ✓ Þjóðsögur Jóns Árnasonar, þar sem sagt er frá óskasteinum
- ✓ Balar fyrir vatn
- ✓ Óskasteinninn eftir Ármann Kr Einarsson
- ✓ Nál

Efni:

- ✓ Íslensk ull, allt frá ókemdri til léttlopa ef hægt er að koma því við.
- ✓ Grænsápa
- ✓ Volgt vatn
- ✓ Fallegir steinar úr íslenskri náttúru
- ✓ Filtefni
- ✓ Perlugarn

Til kennara

Þetta er gott byrjendaverkefni þar sem nemendur fá tilfinningu fyrir ullinni, hvernig er að vinna með hana og hvað hún býður uppá fjölbreytta möguleika. Nemendur kynnst hugtökum sem notuð eru um ullina og vinnu með hana. Nemendur fá að heyra um þjóðsögur, þjóðtrú og einnig skemmtilega sögu eftir Ármann Kr. Einarsson. Áætlaður tími fyrir verkefnið er 4 til 5 kennslustundir.


Kveikja: Lesin er þjóðsaga sem segir frá ungri stúlku sem finnur óskastein á fjallinu Tindastól. Talað er lítillega um þjóðsögur og þjóðtrú.

Verklýsing fyrir kennara


- 1 Sýnið nemendum ullina og segið frá því hvernig hún var notuð, hvaða eiginleika hún hefur og gerið þeim grein fyrir hversu mikilvæg hún var hér áður fyrr. Farið yfir hvernig og hvers vegna þæfing var notuð í gamla daga.
- 2 Leyfið nemendum að velja sér smá ull og velta henni á milli fingra sér. Látið þá fá smá vatn og sápu til að fá tilfinningu fyrir því hvernig ullin þæfist.
- 3 Stemning er sköpuð með því að allir setjast í hring, ljósin eru slökkt og allir eru saman, lesin er þjóðsaga og talað um þjóðtrú. Kennarinn talar um óskir og óskasteina. Mikilvægt er að tala um að þetta sé ekki til að óska sér veraldlegra hluta heldur er þetta steinn fyrir góðar hugsanir og góðar kveðjur. Hver og einn nemandi dregur (blindandi) upp úr fallegum poka/öskju stein sem er þá óskasteinn hans. Brýnt er fyrir nemendum allt í gegnum verkefnið að hugsa fallegar hugsanir og tala fallega til steinsins.



- 4 Nemendur velja sér 2–4 liti af ull í góðan bolta. Hver nemandi leggur sína ull á borð og býr til einskonar hreiður og leggur steininn í miðjuna. Kennari hjálpar svo hverjum og einum að búa til kúlu úr ullinni þar sem steinninn er í miðjunni (hvergi má sjást í steininn, í raun er þetta sama tækni og að búa til bolta). Að því loknu hefst þæfingin. Gott er að tveir og tveir nemendur hafi lítinn bala fyrir framan sig með lögg af volgu vatni og þegar nemendur eru búnir að bleyta kúluna fá þeir dálitla sápu sem þeir smyrja á kúluna. Þá er þæfingin hafin. Gott er að tala um hvernig þau búa til snjóbolta og að þetta sé svipað.
- 5 Lesið er fyrir nemendur úr bókinni Óskasteinninn eftir Ármann Kr. Einarsson á meðan verið er að þæfa.
- 6 Nemendur eru minntir á að hugsa fallegar hugsanir og tala hlýlega til óskasteinsins á meðan þeir eru að þæfa.



- 7 Þegar nemendur hafa lokið við að þæfa setjast allir í hring og ljósin eru slökkt. Kennarinn spyr um verkefnið, hvernig það hafi gengið og einnig hvort nemendur muni hvernig steinarnir líti út. Nú tekur kennari einn stein í einu og klippir í gegnum ullina, í kringum steininn þannig að hann er í einskonar hreiðri, með loki sem er hægt að taka af og loka aftur (best er að nota naglaskæri).



- 8 Þá klippa allir nemendur út hring úr filt-efni, lit að eigin vali, stærð u.þ.b. 20 cm. Því næst velja nemendur sér perlugarn til að sauma með. Saumað er um 3 cm frá brún, stór þræðispor allan hringinn. Því næst er settur hnútur á báða endana á perlugarninu og togað í, þannig að úr verði skjóða fyrir óskasteininn.

